



Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Brúðuleikhús sem forvarnafræðsla í skólum

árangur og mat kennara

**Elísabet Karlsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Ásdís Aðalbjörg
Arnalds**

Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar

**Sjöunda hefti
2014**

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGGJAFARDEILD



FORSA
Ís-Forsa

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

*Brúðuleikhús sem forvarnafræðsla í skólum
árangur og mat kennara*

**Elísabet Karlsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Ásdís Aðalbjörg
Arnalds**

Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar

**Sjöunda hefti
2014**

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2014

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og höfundur

Öll réttindi áskilin.

ISBN: 978-9935-9075-5-4

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Unnið fyrir Blátt áfram

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgáfuár: 2014

Prentun: Háskólaprent

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Samantekt

Allir þátttakendur í þessari könnun eru umsjónarkennarar fyrir börn í öðrum bekk en þeir eru 270 talsins. Könnunin var send út þrisvar sinnum frá október 2012 til maíloka 2013. Alls fengust svör frá 184 einstaklingum og var svarhlutfall um 68%.

Mikill meirihluti kennara var ánægður með sýninguna. Eftir að hafa séð sýninguna töldu um 36% sig þekkja mjög eða frekar vel til einkenna eða vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi og yfir helmingur þeirra taldi sig vera mjög eða frekar vel í stakk búinn til að bregðast rétt við ef upp kæmi grunur um að barn sem þeir kenna hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Yfir 80% kennara höfðu rætt efni brúðuleikhússins við börnin í bekknum.

Yfir helmingur kennara vissi af því að í skólanum væri til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi og um 70% þeirra sem vissu af áætluninni sögðust þekkja mjög eða frekar vel til hennar.

Sex kennarar sögðu að einhver tilfelli hefðu komið upp frá skólabyrjun þar sem barn/börn í umsjónarbekk hefðu trúað kennara fyrir reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi.

Eftir sýningu vaknaði grunur hjá níu kennurum um að börn í umsjónarbekk hefðu mátt þola kynferðislegt ofbeldi.

Það kom fram tölfræðilega marktækur munur á svörum kennara fyrir og eftir sýningu.

- Hlutfallslega fleiri kennarar töldu sig þekkja til einkenna eða vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi eftir sýningu heldur en fyrir sýningu.
- Eftir að hafa séð sýninguna töldu hlutfallslega fleiri kennarar sig vera vel eða mjög vel í stakk búna til að bregðast rétt við ef upp kæmi grunur um að barn sem þeir kenndu hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.
- Hlutfallslega fleiri kennarar vissu af viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kæmi grunur um kynferðislegt ofbeldi eftir sýningu heldur en fyrir sýningu.
- Fjórir kennarar sögðu að barn hafi trúað sér fyrir því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eftir að hafa séð sýninguna en ekkert barn hafði leitað til þeirra fyrir sýningu.

Efnisyfirlit

Samantekt	5
1. Inngangur	9
2. Framkvæmd rannsóknar og svarsheimtur	11
3. Bakgrunnur svarshópsins	13
4. Niðurstöður eftir sýninguna	18
Ánægja með sýninguna	18
Sýningin sjálf Krakkarnir í hverfinu.....	19
Börnin	19
Þekking á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.....	21
Eftir sýningu brúðuleikhússins Krakkarnir í hverfinu	25
Aðrar athugasemdir	28
5. Niðurstöður – Samanburður fyrir og eftir sýningu.....	29
6. Samantekt og lokaorð	34

Töflur

Tafla 1. Hefur þú einhvern tíma fengið fræðslu frá Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum? - Bakgrunnsgreining.....	14
Tafla 2. Aldur svarenda - Bakgrunnsgreining.....	15
Tafla 3. Starfsaldur svarenda - Bakgrunnsgreining	16
Tafla 4. Staðsetning skólans - Bakgrunnsgreining.....	17
Tafla 5. Þegar á heildina er litið, ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með sýninguna?.....	18
Tafla 6. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi?	21
Tafla 7. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi? - Bakgrunnsgreining	22
Tafla 8. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?	22
Tafla 9. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi? - Bakgrunnsgreining	23
Tafla 10. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi?	23

Tafla 11. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi? - Bakgrunnsgreining.....	24
Tafla 12. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla?	24
Tafla 13. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla? - Bakgrunnsgreining	25
Tafla 14. Hefur þú rætt efni brúðuleikhússins við börnin í bekknum eftir sýninguna?	25
Tafla 15. Hefur þú rætt efni brúðuleikhússins við börnin í bekknum eftir sýninguna? - Bakgrunnsgreining	26
Tafla 16. Hafa komið upp einhver tilfelli, frá skólabyrjun, þar sem barn/börn í umsjónarbekknum trúði/trúðu þér fyrir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?	26
Tafla 17. Vaknaði grunur, sem ekki var til staðar fyrir sýninguna, um að barn/börn í umsjónarbekknum hefði/u mátt þola kynferðislegt ofbeldi?	27
Tafla 18. Hversu mörg börn var um að ræða?*	27
Tafla 19. Hvernig vaknaði grunur? (Þátttakendur áttu að merkja við allt sem við átti)	27
Tafla 20. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi?	29
Tafla 21. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?	29
Tafla 22. Hafa komið upp einhver tilfelli, frá skólabyrjun, þar sem barn/börn í umsjónarbekknum trúði/trúðu þér fyrir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?	30
Tafla 23. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi?	30
Tafla 24. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla?	31
Tafla 20. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi?	31
Tafla 21. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?	32
Tafla 22. Hafa komið upp einhver tilfelli, frá skólabyrjun, þar sem barn/börn í umsjónarbekknum trúði/trúðu þér fyrir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?	32
Tafla 23. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi?	33
Tafla 24. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla?	33

Myndir

Mynd 1. Hefur þú einhvern tíma fengið fræðslu frá Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum?	13
Mynd 2. Aldur svarenda	15
Mynd 3. Starfsaldur svarenda	16
Mynd 4. Staðsetning skólans.....	17

1. Inngangur

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var falið af Blátt áfram að meta árangur brúðuleikhússins Krakkarnir í hverfinu. Meginmarkmið rannsóknar var að kanna hvort brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu* hafi skapað aukna umræðu um ofbeldi í skólum og hvort sýningin hafi orðið til þess að auka þekkingu kennara á einkennum kynferðislegs ofbeldis. RBF hafði yfirumsjón með verkefninu en fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að annast gagnaöflun og úrvinnslu. Samstarf RBF og Blátt áfram hófst árið 2011 sem og undirbúningur að rannsókninni. Fjármagn til að vinna rannsóknina fékkst árið 2012 þegar Blátt áfram hlaut styrk úr heilsusjóði Landlæknisembættis árið 2012.

Þann 27. apríl 2012 undirrituðu *Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum* og Brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu* samstarfssamning til þriggja ára um að kosta sýningar fyrir öll börn í öðrum bekk grunnskóla landsins.

Samningurinn er liður í vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og felur í sér að sýningin *Krakkarnir í hverfinu* er nú í boði fyrir öll börn í 2. bekk í öllum grunnskólum, endurgjaldslaust fyrir skóla landsins. Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er samstarfs verkefni innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmála-ráðuneytis og velferðarráðuneytis. Samningur ráðuneytanna þriggja um vitundarvakninguna gildir út árið 2014.

Blátt áfram hefur staðið fyrir umfangsmikilli forvarnarfræðslu frá stofnun þess og hefur boðið upp á brúðuleikhússýninguna *Krakkarnir í hverfinu* frá árinu 2005 til 2011. Hallveig Thorlacius og Helga Arnalds hafa haft umsjón með verkefninu frá upphafi og sjá um sýningarnar. *Krakkarnir í hverfinu* er fræðslusýning um ofbeldi gegn börnum. Markmiðið með sýningunni er að hjálpa börnum að segja frá ef þau eru beitt ofbeldi af einhverju tagi. Sýningin hefur frá upphafi verið í boði fyrir leik- og grunnskóla og fjallar um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi á skiljanlegan hátt fyrir yngstu börnin. Sýningin er um börn sem glíma við erfiðar aðstæður, hafa jafnvel orðið fyrir ofbeldi og bent er á hvernig þau finna leið til að segja frá og fá hjálp. Þegar börnin horfa á sýninguna fá þau tækifæri til að spyrja brúðurnar

sem svara þeim og segja þeim hvernig best sé að bregðast við. Samstarf hefur verið við fjölskyldudeildir bæjarfélaga og er sérfræðingur, félagsráðgjafi eða sálfræðingur ávallt viðstaddir sýninguna ef upp skyldi koma mál í kjölfar hennar sem þarf að bregðast við strax. Efnið kemur frá grasrótarsamtökum í Bandaríkjunum sem kalla sig *Kids on the block*. (Sjá <http://www.kotb.com/>).

2. Framkvæmd rannsóknar og svarsheimtur

Þýðið sem könnunin tók til samanstöð af öllum umsjónarkennurum annars bekkjar í öllum grunnskólum landsins, alls 270 manns.

Þann 15. október 2012 var könnunin send með tölvupósti á alla umsjónarkennara ásamt upplýsingum um tilgang könnunarinnar. Þar var tekið fram hvernig farið yrði með upplýsingar og að svarendum væri ekki skylt að taka þátt í könnuninni. Eins fengu þátttakendur upplýsingar um hvert þeir gætu snúið sér ef einhverjar spurningar vöknudu. Netkönnuninni var fylgt eftir með sex ítrekunum í gegnum netpóst. Síðasta svarið barst um miðjan desember 2012.

Í febrúar 2013 var könnunin aftur send til þeirra sem ekki höfðu séð sýninguna á haustönn 2012. Í lok maí 2013 var könnunin svo send í þriðja sinn til þeirra sem veittu þau svör í febrúar að sýningin hafi ekki verið sett á svið í umsjónarbekknum. Með þessu móti var unnt að bera saman svör kennara eftir að þeir höfðu séð sýninguna *Krakkarnir í hverfinu* við svörin sem þeir gáfu fyrir á skólaárinu áður en þeir sáu sýninguna.

Alls fengust svör frá 184 einstaklingum og var svarhlutfall um 68%. Af þáttakendum sem svöruðu sögðust 107 hafa séð sýninguna eða um 58%. Í niðurstöðum hér á eftir eru aðeins birt svör frá þeim 107 einstaklingum sem sáu sýninguna þar sem það er fyrst og fremst verið að meta hvort það skapist aukin umræða um ofbeldi á meðal barna eftir að hafa séð sýningu brúðuleikhússins *Krakkarnir í hverfinu*.

Hér á eftir eru niðurstöður svara við hverri spurningu í könnuninni birtar. Eftir því sem við á eru settar fram tíðnitöflur, bakgrunnstöflur og myndir. Í tíðnitöflum má sjá fjölda og hlutfallstölur. Í bakgrunnstöflum má sjá hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir fjórum bakgrunnspáttum; hvort þátttakendur höfðu áður fengið fræðslu frá Blátt áfram um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, aldri, starfsaldri og búsetu. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til viðkomandi spurningu og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Svarendum var gefinn kostur á að lýsa ánægju eða óánægju með sýninguna með eigin orðum og einnig að koma fram með aðrar athugasemdir.


Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir verkefninu í þremur hlutum: Bakgrunnur svarshópsins, Niðurstöður – eftir sýningu brúðuleikhússins og Niðurstöður - samanburður fyrir og eftir sýningu. Í kaflanum Bakgrunnur eru þær megin fjórar meginspurningar sem notaðar eru til að greina aðrar spurningar eftir skoðaðar og settar fram í tíðnitöflum og bakgrunnstöflum. Í kaflanum Niðurstöður - eftir sýningu brúðuleikhússins eru svör þeirra 107 þátttakenda sem höfðu séð sýninguna skoðaðar og einnig settar fram tíðnitöflur og bakgrunnstöflur þegar það á við.

Í kaflanum Niðurstöður - samanburður fyrir og eftir sýningu eru teknar út þær spurningar sem fjalla um þekkingu á forvarnarstarfi. Þá eru svör þeirra 52 þátttakenda sem svöruðu spurningalistanum bæði fyrir og eftir að hafa séð sýninguna greindar. Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum þátttakenda fyrir og eftir sýningu.

3. Bakgrunnur svarshópsins

Meirihluti þátttakenda (65%) hafði fengið forvarnarfræðslu frá Blátt áfram áður en þeir sáu sýninguna (einhvern tíma frá stofnun Blátt áfram 2004). Fræðslan hafði þá verið í formi fyrirlesturs eða námskeiðisins Verndarar barna (sjá mynd 1). Nokkur munur var eftir aldri á því hvort þátttakendur höfðu áður sótt fræðslu hjá Blátt áfram. Kennarar á aldrinum 25-35 ára voru ólíklegri til að hafa sótt fræðslu frá Blátt áfram en eldri kennarar (sjá töflu 1). Eins höfðu um 40% þeirra sem höfðu starfað við kennslu í 4 ár eða skemur fengið fræðslu frá Blátt áfram samanborið við yfir 60% þeirra sem höfðu starfað við kennslu í 5 ár eða lengur.

Flestir þeirra sem höfðu sótt fræðslu frá Blátt áfram fengu fræðslu á árunum 2011 og 2012 en kennarar höfðu fengið fræðslu á tímabilinu 2004 til 2013.




Mynd 1. Hefur þú einhvern tíma fengið fræðslu frá Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum?

Tafla 1. Hefur þú einhvern tíma fengið fræðslu frá Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum? - Bakgrunnsgreining

	Já, hef sótt			Fjöldi	Já
	Já, fyrirlestur	námskeiðið Verndarar barna	Nei		
Alls	51%	14%	35%	106	65%
Aldur					
25-35 ára	29%	7%	64%	14	36%
36-45 ára	61%	13%	26%	38	74%
46-55 ára	58%	16%	26%	31	74%
56-66 ára	47%	18%	35%	17	65%
Starfsaldur					
4 ár eða skemur	33%	7%	60%	15	40%
5-9 ár	50%	11%	39%	18	61%
10-14 ár	48%	16%	36%	25	64%
15 ár eða lengur	60%	18%	22%	45	78%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	56%	10%	34%	50	66%
Landsbyggð	58%	18%	24%	38	76%

0% 25% 50% 75% 100%

Meðalaldur svarenda var 45 ár og spannaði frá 28 árum til 64 ára. Meira en þriðjungur svarenda (38%) var á aldrinum 36-45 ára og 31% var á aldrinum 46-55 ára (sjá mynd 2 og töflu 2).




Mynd 2. Aldur svarenda

Tafla 2. Aldur svarenda - Bakgrunnsgreining

	25 til 35 ára	36 til 45 ára	46 til 55 ára	56 til 66 ára	Fjöldi
Alls	14%	39%	31%	17%	101
Áður fengið fræðslu frá Blátt áfram					
Já, fyrirlestur	8%	43%	34%	15%	53
Já, námskeiðið Verndarar barna	7%	36%	36%	21%	14
Nei	27%	30%	24%	18%	33
Starfsaldur					
4 ár eða skemur	47%	33%	13%	7%	15
5-9 ár	31%	50%	19%	0%	16
10-14 ár	8%	60%	20%	12%	25
15 ár eða lengur	0%	25%	45%	30%	44
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	8%	26%	42%	24%	50
Landsbyggð	21%	47%	18%	13%	38

Meðalstarfsaldur svarenda var 14 ár, og spannaði allt frá nokkrum mánuðum til 40 ára. Hátt í helmingur svarenda (43%) hafði starfað við kennslu í 15 ár eða lengur, 25% áttu að baki 10-14 ára starfsaldur, 17% höfðu starfað við kennslu í 5-9 ár og 15% höfðu starfað við kennslu í fjögur ár eða skemur. Um helmingur svarenda á höfuðborgarsvæði hafði starfað við kennslu í 15 ár eða lengur en hið sama átti við um tæplega 40% svarenda af landsbyggð (sjá mynd 3 og töflu 3).




Mynd 3. Starfsaldur svarenda

Tafla 3. Starfsaldur svarenda - Bakgrunnsgreining

	4 ár eða skemur	5 til 9 ár	10 til 14 ár	15 ár eða lengur	Fjöldi
Alls	14%	17%	25%	43%	104
Áður fengið fræðslu frá Blátt áfram					
Já, fyrirlestur	9%	17%	23%	51%	53
Já, námskeiðið Verndarar barna	7%	13%	27%	53%	15
Nei	26%	20%	26%	29%	35
Aldur					
25-35 ára	50%	36%	14%	0%	14
36-45 ára	13%	21%	38%	28%	39
46-55 ára	7%	10%	17%	67%	30
56-66 ára	6%	0%	18%	76%	17
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	4%	24%	20%	53%	51
Landsbyggð	24%	8%	30%	38%	37

Ríflega helmingur svarenda starfaði á höfuðborgarsvæðinu (sjá mynd 4). Um tveir þriðju svarenda á aldrinum 25-35 ára starfaði á landsbyggðinni og rúmlega 70% þátttakenda á

aldrinum 56-66 ára starfaði á höfuðborgarsvæðinu. Meirihluti svarenda sem ekki höfðu áður fengið fræðslu frá Blátt áfram unnu á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 4).



Mynd 4. Staðsetning skólans

Tafla 4. Staðsetning skólans - Bakgrunnsgreining

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Fjöldi
Alls	57%	43%	89
Áður fengið fræðslu frá Blátt áfram			
Já, fyrirlestur	56%	44%	50
Já, námskeiðið Vemdarar barna	42%	58%	12
Nei	65%	35%	26
Aldur			
25-35 ára	33%	67%	12
36-45 ára	42%	58%	31
46-55 ára	75%	25%	28
56-66 ára	71%	29%	17
Starfsaldur			
4 ár eða skemur	18%	82%	11
5-9 ár	80%	20%	15
10-14 ár	48%	52%	21
15 ár eða lengur	66%	34%	41

4. Niðurstöður eftir sýninguna

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra sem höfðu sér sýningu brúðuleikhússins *Krakkarnir í hverfinu* en í næsta kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum fyrir og eftir sýningu brúðuleikhússins *Krakkarnir í hverfinu*.

Ánægja með sýninguna

Næstum allir (98%) voru mjög eða frekar ánægðir með sýninguna (sjá töflu 5).

Tafla 5. Þegar á heildina er litið, ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með sýninguna?

	Fjöldi	Hlutfall	
Mjög ánægð(ur)	57	56%	56%
Frekar ánægð(ur)	43	42%	42%
Frekar óánægð(ur)	2	2%	2%
Mjög óánægð(ur)	0	0%	0%
Fjöldi svara	102	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	5		
Alls	107		

Spurningin er ekki greind eftir bakgrunnspáttum þar sem aðeins tveir þátttakendur voru frekar óánægðir með sýninguna. Svarendur voru beðnir um að lýsa með eigin orðum í hverju ánægjan fólst og 81 nýtti sér það. Þeir svarendur sem voru óánægðir með sýninguna lýstu því einnig með eigin orðum. Greina mátti svör þeirra sem voru ánægðir með sýninguna í tvö þemu, annars vegar það sem sneri að sýningunni sjálfri og hinsvegar þætti er vörðuðu börnin sjálf.

Sýningin sjálf Krakkarnir í hverfinu

Sjá mátti almennar athugasemdir um sýninguna svo sem að sýningin hafi verið hnitmiðuð, flott og vel gerð, efnið hafi verið sett vel fram og að það sé þörf. Þó nokkrir nefndu hvað sýningin höfðaði vel til barnanna eða eins og einn þátttakandi sagði;

„Hnitmiðuð og heillandi sýning og börnin áttu mjög auðvelt með að fylgjast með og skilja. Talað var til barnanna og þau gátu spurt spurninga. Greinilega fagmenn á ferð með þessa sýningu 😊“.

Annar nefndi;

„Faglegt, vel undirbúið og krakkarnir tóku vel í sýninguna og komu með mjög góðar spurningar sem leikurunum tókst að stýra vel“.

Enn annar þátttakandi nefndi;

„Sýningin höfðar vel til barnanna og nálgast viðkvæmt málefni á þeirra forsendum. Hún gefur einnig kennurum og foreldrum góðan umræðuvettvang“.

Börnin

Talað var um hve börnin voru ánægð, hafi fylgst vel með eða eins og einn þátttakandi sagði;

„Börnin voru ánægð og sátu alveg grafkyrr og þó svo spurningar hafi ekki verið margar eftir sýninguna þá sáu við svipbrigði sem geta gefið til kynna að skoða þurfi nánar“.

Annar sagði;

„Vakti áhuga barnanna, kveikti umræður og nálgast erfitt mál á skiljanlegan hátt“.

Og enn annar nefndi;

„Útskýrt á máli sem börnin skilja“.

Svarendur nefndu nokkrir að sýningin hafi verið góð forvarnarfræðsla fyrir börnin og að boðskapur og skilaboð sýningarinnar hafi komist til skila. Þeir telja að börnin viti betur hvað skal gera núna og hvert þau eiga að snúa sér ef að upp kemur vandamál sem tengist þessum málum.

Einn þátttakandinn sagði;

„Held að krakkarnir viti meira hvað þau eiga að gera ef eitthvað svona kemur upp hjá þeim“.

Annar sagði;

„Mjög ánægð hvernig komið er að leiðum eða þær kynntar og hvernig þau geta snúið sér ef þau lenda í vanda eða einhverjir sem þau þekkja“.

Eins og áður kom fram voru tveir þátttakendur óánægðir með fræðsluna. Að mati annars þeirra hafði ekki verið nógu faglega að sýningunni staðið. Hinn aðilinn sagði;


„Sýningin var fín en umræður á eftir voru ekki nægilega góðar. Krakkarnir hlógu mikið og fannst mér stjórnendur ekki taka nægilega vel á því. Í hópnum var barn sem hefur orðið fyrir áreiti og sá ég að barnið vissi ekki hvernig það átti að hegða sér, fór að lokum að hlægja með hinum krökkunum. Ég tel að stjórnendur hefðu

átt að grípa inn í og ræða við börnin að brúðurnar væru sniðugar en umræðuefnið væri ekki fyndið“.


Pekking á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum

Eftir brúðuleikhússýninguna *Krakkarnir í hverfinu* töldu um 36% kennara sig þekkja mjög eða frekar vel til einkenna eða vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Um 17% töldu sig þekkja frekar eða mjög illa til þess (sjá töflu 6 og 7). Kennarar sem höfðu ekki áður fengið fræðslu frá Blátt áfram voru ólíklegri til að þekkja til einkenna eða vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi en þeir kennarar sem höfðu sótt fræðslu áður. Þá voru kennarar sem höfðu starfað við kennslu í fjögur ár eða skemur einnig ólíklegri til að þekkja einkenni kynferðislegs ofbeldis en þeir sem höfðu lengri starfsaldur.

Tafla 6. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi?




Tafla 7. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbandinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi? - Bakgrunnsgreining




Yfir helmingur kennara taldi sig vera mjög eða frekar vel í stakk búinn til að bregðast rétt við ef upp kæmi grunur um að barn sem þeir kenna hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (sjá töflu 8). Tæplega 20% þeirra sem höfðu áður fengið fræðslu frá Blátt áfram töldu sig vera vel í stakk búna til að bregðast rétt við (sjá töflu 9).

Tafla 8. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?




Tafla 9. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi? -

Bakgrunnsgreining




Yfir helmingur kennara sagði að í skólanum væri til viðbragðsáætlun um hvernig bregðast skuli við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum (sjá töflu 10). Yfir 70% kennara á aldrinum 46-55 ára og 56-66 ára sögðu að það væri til viðbragðsáætlun en aðeins um 20% kennara á aldrinum 25-35 ára (sjá töflu 11).

Tafla 10. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi?




Tafla 11. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi? - Bakgrunnsgreining



Kennarar sem sögðu að í skólanum væri til áætlun um hvernig bregðast skuli við ef vaknar grunur um að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi voru spurðir hversu vel eða illa þeir þekktu viðbragðsáætlunina í sínum skóla. Tafla 12 sýnir að mikill meirihluti svarenda sagðist þekkja mjög eða frekar vel til viðbragðsáætlunar í sínum skóla (69%). Um 7% svarenda sem hafði verið í starfi 10 ár eða lengur taldi sig þekkja mjög eða frekar illa til viðbragðsáætlunar í sínum skóla en enginn taldi það sem hafði starfað í 9 ár eða skemur (sjá töflu 13).

Tafla 12. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla?



*Aðeins svör frá þátttakendum sem sögðu að viðbragðsáætlun lægi fyrir í sínum skóla.

Tafla 13. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla? -

Bakgrunnsgreining

	Mjög eða frekar vel	Hvorki vel né illa	Mjög eða frekar illa	Fjöldi	Mjög eða frekar vel
Alls	69%	26%	5%	58	69%
Fræðsla frá Blátt áfram					
Já, fyrirlestur	77%	13%	10%	31	77%
Já, námskeiðið Vemdarar barna	70%	30%	0%	10	70%
Nei	56%	44%	0%	16	56%
Starfsaldur					
4 ár eða skemur	83%	17%	0%	6	83%
5-9 ár	63%	38%	0%	8	63%
10-14 ár	50%	43%	7%	14	50%
15 ár eða lengur	75%	18%	7%	28	75%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	63%	31%	6%	32	63%
Landsbyggð	89%	6%	6%	18	89%

0% 25% 50% 75% 100%

Eftir sýningu brúðuleikhússins Krakkarnir í hverfinu


Yfir 80% kennara höfðu rætt efni brúðuleikhússins við börnin í bekknum eftir sýninguna (sjá töflu 14). Hlutfallslega höfðu fæstir á aldrinum 25-35 ára rætt við börnin um sýninguna (64%) en næstum allir á aldrinum 56-66 ára (94%). Þá voru kennarar sem höfðu starfað við kennslu í 4 ár eða skemur ólíklegri til að hafa rætt efni brúðuleikhússins en kennarar sem höfðu lengri starfsaldur (sjá töflu 15).

Tafla 14. Hefur þú rætt efni brúðuleikhússins við börnin í bekknum eftir sýninguna?

	Fjöldi	Hlutfall	
Já	87	82%	82%
Nei	19	18%	18%
Fjöldi svara	106	100%	0% 20% 40% 60% 80% 100%
Veit ekki/vil ekki svara	1		
Alls	107		


Tafla 15. Hefur þú rætt efni brúðuleikhússins við börnin í bekknum eftir sýninguna? -

Bakgrunnsgreining



Sex kennarar sögðu að einhver tilfelli hafi komið upp eftir skólabyrjun þar sem barn/börn í umsjónarbekk trúðu kennara fyrir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (sjá töflu 16). Hver þessara kennara var með eitt barn í huga.


Tafla 16. Hafa komið upp einhver tilfelli, frá skólabyrjun, þar sem barn/börn í umsjónarbekknum trúði/trúðu þér fyrir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?




Níu kennarar sögðu að grunur hefði vaknað, sem ekki var til staðar fyrir sýninguna, um að barn eða börn í umsjónarbekknum hefðu mátt þola kynferðislegt ofbeldi (sjá töflu 17). Eins og sjá má í töflu 18 voru kennarar með eitt til þrjú börn í huga sem hefðu mátt þola

kynferðislegt ofbeldi. Þegar kennarar voru spurðir hvernig grunur hefði vaknað merktu fimm við að hegðun barns hafi vakið grun, fjórir merktu við að barn hafi sagt frá á meðan sýningu stóð, tveir merktu við að barnið hafi sagt svaranda frá því og einn merkti við að barnið hafi sagt vini eða vinkonu frá sem kom því til skólans. Tveir merktu við að grunur hefði vaknað með öðrum hætti, annars vegar skrifaði barn bréf til brúðanna sem var verkefni eftir sýningu og hins vegar var kennari með fyrirfram áhyggjur (sjá töflu 19).

Tafla 17. Vaknaði grunur, sem ekki var til staðar fyrir sýninguna, um að barn/börn í umsjónarþekktum hefði/u mátt þola kynferðislegt ofbeldi?




Tafla 18. Hversu mörg börn var um að ræða?*



*Aðeins svör frá þátttakendum sem sögðu að grunur hafi vaknað.

Tafla 19. Hvernig vaknaði grunur? (Þátttakendur áttu að merkja við allt sem við átti)



Aðrar athugasemdir

Þegar þátttakendum var boðið að skrá aðrar athugasemdir voru 13 sem nýttu sér það. Flestar athugasemdirnar sem þátttakendur (6) nefndu fjölluðu um frekari þörf fyrir fræðslu sérstaklega um einkenni barna sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi eða eins og einn þátttakandi sagði;

„Það þarf að fræða kennara og annað starfsfólk sem kemur að nemendum grunnskóla um einkenni barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og einnig hvernig skuli bregðast við. Viðbragðsáætlun á að sjálfsgöðu að vera til í hverjum grunnskóla og starfsfólk meðvitað um efni hennar“.

Og annar nefndi;

„Mikilvægt að efla þekkingu kennara og rétt viðbrögð þegar börn upplýsa um kynferðislega misnotkun“

Fjórar athugasemdir sneru að ánægju með sýninguna og þá nefndi einn þátttakandi einnig ánægju með starf Blátt áfram og myndina *Leyndarmálið*. Tvær athugasemdir sneru að ófullnægjandi starfi Barnaverndar og Barnahúss og að lokum var ein athugasemd um könninina sjálfa;

„Mér finnst persónulegar spurningar eins og kyn, skóli o.þ.h. ekki eiga við í könnuninni“.

5. Niðurstöður – Samanburður fyrir og eftir sýningu

Það voru 52 kennarar sem svöruðu nokkrum spurningum fyrir og eftir sýningu og hér á eftir eru svör þeirra borin saman á tveimur tímamörkum til að meta árangur af sýningunni.

Hlutfallslega fleiri kennarar töldu sig þekkja mjög eða frekar vel til kynferðislegs ofbeldis eftir sýningu (43%) heldur en fyrir sýningu (27%) ($\chi^2=45,063$; $p<0,001$) (sjá töflu 20).

Tafla 20. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2
Mjög vel	2	3,8%	4	7,7%
Frekar vel	12	23,1%	18	34,6%
Hvorki vel né illa	24	46,2%	25	48,1%
Frekar illa	14	26,9%	5	9,6%
Mjög illa	0	0,0%	0	0,0%
Fjöldi svara	52	100,0%	52	100,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0		0	
Alls	52		52	

Detailed description of the bar chart for Tafla 20: The chart compares responses before (Tími 1, blue bars) and after (Tími 2, green bars) the presentation. The x-axis represents the percentage of teachers, ranging from 0% to 100%. The y-axis lists the response categories. The data points are: 'Mjög vel' (4% before, 8% after), 'Frekar vel' (23% before, 35% after), 'Hvorki vel né illa' (46% before, 48% after), 'Frekar illa' (27% before, 10% after), and 'Mjög illa' (0% before, 0% after). A legend indicates 'Tími 1' (blue) and 'Tími 2' (green).

Hlutfallslega fleiri kennarar töldu sig vera vel eða mjög vel í stakk búna til að bregðast rétt við ef upp kæmi grunur um að barn sem þeir kenndu hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eftir sýningu (49%) heldur en fyrir sýningu (35%) ($\chi^2=18,988$; $p<0,05$) (sjá töflu 21).

Tafla 21. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2
Mjög vel	1	2,0%	4	7,8%
Frekar vel	17	33,3%	21	41,2%
Hvorki vel né illa	23	45,1%	21	41,2%
Frekar illa	10	19,6%	5	9,8%
Mjög illa	0	0,0%	0	0,0%
Fjöldi svara	51	100%	51	100%
Veit ekki/vil ekki svara	0		0	
Alls	51		51	

Detailed description of the bar chart for Tafla 21: The chart compares responses before (Tími 1, blue bars) and after (Tími 2, green bars) the presentation. The x-axis represents the percentage of teachers, ranging from 0% to 100%. The y-axis lists the response categories. The data points are: 'Mjög vel' (2% before, 8% after), 'Frekar vel' (33% before, 41% after), 'Hvorki vel né illa' (45% before, 41% after), 'Frekar illa' (20% before, 10% after), and 'Mjög illa' (0% before, 0% after). A legend indicates 'Tími 1' (blue) and 'Tími 2' (green).

Eins og sést í töflu 22 þá var enginn af þeim 52 kennurum sem svaraði listanum fyrir og eftir sýningu sem sagði að barn/börn hefðu trúnað sér fyrir því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir sýningu en eftir sýningu nefndu fjórir kennarar að börn hefðu leitað til sín.

Tafla 22. Hafa komið upp einhver tilfelli, frá skólabyrjun, þar sem barn/börn í umsjónarþekkingnum trúði/trúðu þér fyrir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2
Já	0	0,0%	4	7,7%
Nei	52	100,0%	48	92,3%
Fjöldi svara	52	100,0%	52	100,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0		0	
Alls	52		52	

Tafla 23 sýnir að hlutfallslega fleiri kennarar sögðu að viðbragðsáætlun lægi fyrir í sínum skóla eftir sýningu (57%) heldur en fyrir sýningu (41%) ($\chi^2=17,466$; $p<0,005$).

Tafla 23. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2
Já, viðbragðsáætlun liggur fyrir	21	41,2%	29	56,9%
Nei, ekki sv o ég viti	30	58,8%	22	43,1%
Fjöldi svara	51	100,0%	51	100,0%
Veit ekki/vil ekki svara	1		1	
Alls	52		52	

Kennarar sem vissu að það væri til viðbragðsáætlun voru spurðir að því hversu vel þeir þekktu til hennar fyrir og eftir sýningu. Ekki var munur á svörum þeirra ($\chi^2=19,492$; $p=0,077$) (sjá töflu 24) .

Tafla 24. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2	
Mjög vel	3	14,3%	2	6,9%	14% 7%
Frekar vel	12	57,1%	18	62,1%	57% 62%
Hvorki vel né illa	3	14,3%	7	24,1%	14% 24%
Frekar illa	3	14,3%	1	3,4%	14% 3%
Mjög illa	0	0,0%	1	3,4%	0% 3%
Fjöldi svara	21	100,0%	29	100,0%	
Veit ekki/vil ekki svara	31		23		
Alls	52		52		

Það voru 52 kennarar sem svöruðu nokkrum spurningum fyrir og eftir sýningu og hér á eftir eru svör þeirra borin saman á tveimur tímamarkum til að meta árangur af sýningunni. Hlutfallslega fleiri kennarar töldu sig þekkja mjög eða frekar vel til kynferðislegs ofbeldis eftir sýningu (43%) heldur en fyrir sýningu (27%) ($\chi^2=45,063$; $p<0,001$) (sjá töflu 20).

Tafla 25. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2	
Mjög vel	2	3,8%	4	7,7%	4% 8%
Frekar vel	12	23,1%	18	34,6%	23% 35%
Hvorki vel né illa	24	46,2%	25	48,1%	46% 48%
Frekar illa	14	26,9%	5	9,6%	27% 10%
Mjög illa	0	0,0%	0	0,0%	0% 0%
Fjöldi svara	52	100,0%	52	100,0%	
Veit ekki/vil ekki svara	0		0		
Alls	52		52		

Hlutfallslega fleiri kennarar töldu sig vera vel eða mjög vel í stakk búna til að bregðast rétt við ef upp kæmi grunur um að barn sem þeir kenndu hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eftir sýningu (49%) heldur en fyrir sýningu (35%) ($\chi^2=18,988$; $p<0,05$) (sjá töflu 21).

Tafla 26. Hversu vel eða illa telur þú þig vera í stakk búin(n) til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þú kennir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2
Mjög vel	1	2,0%	4	7,8%
Frekar vel	17	33,3%	21	41,2%
Hvorki vel né illa	23	45,1%	21	41,2%
Frekar illa	10	19,6%	5	9,8%
Mjög illa	0	0,0%	0	0,0%
Fjöldi svara	51	100%	51	100%
Veit ekki/vil ekki svara	0		0	
Alls	51		51	

Response	Tími 1 (%)	Tími 2 (%)
Mjög vel	2%	8%
Frekar vel	33%	41%
Hvorki vel né illa	45%	41%
Frekar illa	20%	10%
Mjög illa	0%	0%

Eins og sést í töflu 22 þá var enginn af þeim 52 kennurum sem svaraði listanum fyrir og eftir sýningu sem sagði að barn/börn hefðu trúað sér fyrir því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir sýningu en eftir sýningu nefndu fjórir kennarar að börn hefðu leitað til sín.

Tafla 27. Hafa komið upp einhver tilfelli, frá skólabyrjun, þar sem barn/börn í umsjónarþekknun trúði/trúðu þér fyrir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2
Já	0	0,0%	4	7,7%
Nei	52	100,0%	48	92,3%
Fjöldi svara	52	100,0%	52	100,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0		0	
Alls	52		52	

Response	Tími 1 (%)	Tími 2 (%)
Já	0%	8%
Nei	100%	92%

Tafla 23 sýnir að hlutfallslega fleiri kennarar sögðu að viðbragðsáætlun lægi fyrir í sínum skóla eftir sýningu (57%) heldur en fyrir sýningu (41%) ($\chi^2=17,466$; $p<0,005$).

Tafla 28. Veist þú til þess að í þínum skóla sé til viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2	
Já, viðbragðsáætlun liggur fyrir	21	41,2%	29	56,9%	
Nei, ekki svo ég viti	30	58,8%	22	43,1%	
Fjöldi svara	51	100,0%	51	100,0%	0% 20% 40% 60% 80% 100%
Veit ekki/vil ekki svara	1		1		■ Tími 1 ■ Tími 2
Alls	52		52		

Kennarar sem vissu að það væri til viðbragðsáætlun voru spurðir að því hversu vel þeir þekktu til hennar fyrir og eftir sýningu. Ekki var munur á svörum þeirra ($\chi^2=19,492$; $p=0,077$) (sjá töflu 24) .

Tafla 29. Hversu vel eða illa þekkir þú viðbragðsáætlunina í þínum skóla?

	Fjöldi T1	Hlutfall T1	Fjöldi T2	Hlutfall T2	
Mjög vel	3	14,3%	2	6,9%	
Frekar vel	12	57,1%	18	62,1%	
Hvorki vel né illa	3	14,3%	7	24,1%	
Frekar illa	3	14,3%	1	3,4%	
Mjög illa	0	0,0%	1	3,4%	
Fjöldi svara	21	100,0%	29	100,0%	0% 20% 40% 60% 80% 100%
Veit ekki/vil ekki svara	31		23		■ Tími 1 ■ Tími 2
Alls	52		52		

6. Samantekt og lokaorð

Sýningin *Krakkarnir í hverfinu* á vegum Blátt áfram hefur verið í boði fyrir grunn- og leikskóla frá árinu 2005 - 2011. Þessi könnun er fyrsta mat á forvarnarúrræðinu *Krakkarnir í hverfinu*. Allir þátttakendur í könnuninni eru umsjónarkennarar fyrir börn í öðrum bekk en þeir eru 270. Könnunin var send út þrisvar sinnum frá október 2012 til maíloka 2013. Alls fengust svör frá 184 einstaklingum og var svarhlutfall um 68%.

Niðurstöður könnunarinnar benda til að forvarnarfræðsla Blátt áfram sé nokkuð almenn í hópi annars bekkjar kennara bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni (65%). Þó voru umtalsvert fleiri þeirra sem ekki höfðu fengið neina fræðslu frá Blátt áfram búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Þá mátti sjá tengsl á milli starfsaldurs og fræðslu í þá veru að því lengri starfsaldur því líklegri var kennarinn til að hafa fengið fræðslu Blátt áfram einhvern tímann áður.

Næstum allir þátttakendur voru frekar eða mjög ánægðir (98%) með sýninguna *Krakkarnir í hverfinu*. Lýsingar þeirra á sýningunni varða bæði fagmennsku við sýninguna sjálfa, hversu vel sýningin nær til krakkanna og ánægju krakkanna sjálfra með sýninguna.

Mat kennaranna á eigin þekkingu á því hversu vel þeir eru í stakk búnir til að þekkja til einkenna eða vísbendinga um ofbeldi eftir sýningu *Krakkarnir í hverfinu*, sýnir að yfir helmingur þeirra telur sig frekar eða mjög vel í stakk búna til að bregðast rétt við ef barn sem þeir kenna hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Þeir kennarar sem höfðu einnig fengið aðra fræðslu en brúðuleikhúsið treystu sér betur til að bregðast rétt við grun um ofbeldi en þeir kennarar sem hafa ekki fengið neina fræðslu frá Blátt áfram áður, og þeir telja sig einnig síður vera í stakk búna til að bregðast rétt við. Þannig virðist fyrirlestur frá Blátt áfram eða námskeiðið Vendarar barna ásamt brúðuleikhúsinu veita kennurum meiri trú á getu sína til að bregðast rétt við ef upp kæmi grunur um kynferðislegt ofbeldi hjá barni sem þeir kenna. Það bendir til að betra sé að byrja með forvarnarfræðslu fyrir alla kennara áður en börnin fá að sjá sýninguna *Krakkarnir í hverfinu*.

Rúmlega helmingur kennara sem hefur séð sýninguna *Krakkarnir í hverfinu* segja að til sé viðbragðsáætlun um hvernig skuli bregðast við ef vakni grunur um ofbeldi í þeirra skóla og segjast um 70% þekkja viðbragðsáætlunina mjög eða frekar vel. Niðurstöður sýndu einnig að yfir 80% kennara höfðu rætt efni brúðuleikhússins við börnin í bekknum eftir sýninguna. Það vakti athygli að yngstu kennararnir (25-35) og þeir sem höfðu stystan starfsaldur (4 ár eða skemmri) höfðu síður rætt um sýninguna en eldri kennarar eða kennarar með lengri starfsaldur. Þetta vekur upp spurningar um hvort yngri kennarar eða kennarar með stuttan starfsaldur þurfi stuðning í því að ræða við börnin eftir sýninguna.

Í níu tilvikum vaknaði upp grunur um að barn eða börn í umsjónarbekknum hefðu mátt þola kynferðislegt ofbeldi, og varðaði þetta 16 börn. Misjafnt var hvernig þessi grunur vaknaði en algengast var að hegðun barnsins vekti grun (5) eða barnið segði brúðunum frá. Það að hegðun barnsins vekti grun um kynferðislegt ofbeldi sýnir mikilvægi þess að kennarar og aðrir þeir sem starfa með börnum þekki einkenni sem þau börn sýna sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Á þessu vekja nokkrir þátttakendur athygli á og telja mikilvægt að auka fræðslu um einkenni sem benda til slíks.

Börin voru saman svör þeirra 52 þátttakenda sem svöruðu spurningalistanum fyrir og eftir sýningu *Krakkarnir í hverfinu* í sínum skóla. Fram kom tölfræðilega marktækur munur á svörum kennara fyrir og eftir sýningu. Niðurstöður sýna að þekking kennara jókst umtalsvert eftir sýningu brúðuleikhússins. Þannig sögðust 43% þekkja til einkenna/vísbendinga um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi og 49% þátttakenda samanborið við 27% (fyrir sýningu) sögðust vera frekar eða mjög vel í stakk búnir til að bregðast rétt við, ef upp kæmi grunur um að barn sem þeir kenna hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Afstaða þátttakenda er fremur jákvæð gagnvart úrræðinu, en aðalatriðið er væntanlega að þátttakendur telja að sýningin *Krakkarnir í hverfinu* hafi skilað þeim betri þekkingu á málefninu og skapað umræðugrundvöll til að ræða við krakkana, jafnframt aukið almenna þekkingu þeirra á því hvernig skuli bregðast við ef upp kemur grunur um ofbeldi gagnvart barni.

Lokaorð þessarar könnunar er af niðurstöðunum má draga þá ályktun að sýningin *Krakkarnir í hverfinu* sé góður valkostur í forvarnarfræðslu inn í skólana. Sýningin ein og sér skilar sér í betri þekkingu til kennara á einkennum barna sem beitt hafa verið ofbeldi, hjálpar þeim að beita réttum aðferðum ef upp kemur grunur eða víska um að barn hafi verið beitt ofbeldi. Þá hvetur þetta kennara einnig til að leita sér upplýsinga um viðbragðsáætlanir skóla og eykur þar með notagildi þeirra. Hins vegar sjáum við að þeir kennarar sem fengu annars konar forvarnarfræðslu frá Blátt áfram fyrir sýningu á brúðuleikhúsinu, voru enn betur í stakk búnir til að tileinka sér boðskap brúðuleikhússins.

Af þessari matskönnun má draga lærdóma um gildi fræðslu og umræðu á viðkvæmum samfélagsvanda. Hún vekur einnig til umhugsunar um nauðsyn þess að veita fagfólki og öðrum sviðum fræðslu um velferðarþjónustu, markvissa þjálfun til að geta greint einkenni ofbeldis og annara óviðunandi uppeldisáhrifa á ásamt leiðsögn um hvernig skuli bregðast við. Einnig eru niðurstöður hvatning til frekari rannsókna á umfangi og breytileika sjálfs vandans og þeim úrræðum sem eru í boði.